



Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Grýtubakkahreppi 2018

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem eigandi býr sannanlega í skal lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum (með 75% örorku) samkvæmt eftirfarandi reglum:

Staða miðað við janúar 2018, vísitala 446,0 stig.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að kr. 2.648.435,-

Hjón með tekjur allt að kr. 3.705.012,-

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur frá kr. 2.648.435,- til kr. 3.047.691,-

Hjón með tekjur frá kr. 3.705.012,- til kr. 4.262.778,-

Áður en lækkun á sér stað, þarf að sækja um lækkunina, skila staðfestu afriti af síðasta skattframtali (**þ.e. framtalið sem gert er sama ár og fasteignagjöldin eru lögð á**) og staðfestingu um örorkuþóttu á skrifstofu Grýtubakkahrepps fyrir 30. júní ár hvert.

Hjá hjónum eða sambylifsólki sem er samskattað er veittur tilskilinn afsláttur þótt einungis annar aðilinn sé 75% öryrki eða orðinn 67 ára. Ef annar aðilinn andast á árinu helst afslátturinn út árið.

Tekjumörk hækka samkvæmt vísitölu neysluverðs og er hér miðað við vísitölu í janúar 2018, 446,0 stig. Lækkun hjá öryrkjum er frá því ári sem umsækjandi er úrskurðaður 75% öryrki.

Samþykkt á fundi í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. desember 2011.